

45. gr.

Heimildarákvæði.

4501. Siglingamálastjóra er heimilt, þegar þannig stendur á, að gera fyllri kröfur um rafvirki í skipum, ef þær lúta að öryggi skipsins og skipshafnar.

46. gr.

Refsingar.

4601. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

47. gr.

Gildistaka.

4701. Reglur þessar eru settar samkv. lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi III. kafla reglna nr. 11/1953 um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING**um friðlýsingu við Miklavatn, Skagafjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæði við Miklavatn í Skagafjarðarsýslu og er svæðið **friðland**.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr NA-horni Borgarinnar (Sjávarborgar) eftir landamerkjagirðingu milli Sjávarborgar og Sauðárkróks að girðingu vestan nýja flugvallarins og síðan með þeirri girðingu að Víkinni, þá með norðurbakka Víkurinnar í Héraðsvötn. Að austan ræður vesturbakki Héraðsvatna með þeirri undantekningu að allir hólmar og eyjar í Vötnunum, sem tilheyra Sjávarborg, koma innan friðlandsins. Að sunnan ráða landamerki Grænhóls/Sellands og Pyttagerðis, Víkur/Útvíkur og Ögmundarstaða að Sæmundará (Staðará), síðan ræður áin að Kúavöðum en þaðan skurður út í Miklavatn. Að vestan fylgja mörkin vatnsbakkanum í Tangavík en þaðan fylgja þau Brikum að mörkum Kimbastaða og Borgargerðis en þaðan bein lína í suður-enda Borgarinnar (Sjávarborgar).

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Óheimilt er að breyta landslagi friðlandsins eða vatnsborði stöðuvatna eða straumvatna.
2. Öll mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og Náttúruverndarráðs eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila. Gildir þetta um byggingar, skurði, vegi, girðingar o. s. frv. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu og reisa skýli sem nauðsynleg teljast vegna beitarnýtingar.



3. Friðlandið má aðeins nýta á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til beitar, slæгна og veiði í vötnum. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur.
4. Bannað er að fara með skotvopn í friðlandinu (nema til eyðingar meindýra). Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum skv. gildandi lögum um fuglafriðun. Varast her að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi.
5. Öll umferð óviðkomandi fólks um friðlandið er bönnuð á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí nema leyfi viðkomandi ábúanda komi til. Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess (beit, heyskap, veiði). Hraðbátar eru bannaðir á vötnunum.

Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar hefur umsjón með friðlandinu fyrir hönd Náttúruverndarráðs og getur veitt undanþágur frá ákvæðum 2.—5. gr., ef brýn ástæða þykir til, með samþykki Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um friðlýsingu við Vestmannsvatn, Suður-Pingeyjarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæði við Vestmannsvatn í Suður-Pingeyjarsýslu og er svæðið **friðland**.

Mörk svæðisins eru þessi:

Að sunnan fylgja merkin löngum melhrygg, Vatnsmelum, frá Vatnsendatjörn (við SA-horn vatnsins) að túni á Höskuldsstöðum en síðan túngirðingu, þá beinni línu frá NA-horni hennar upp á brún neðsta hjallans, síðan hjallabrúninni að merkjum Höskuldsstaða og Hólkots, síðan merkjunum að Hólkotstjörn (SV-enda). Þaðan ræður svo bein lína í SA-horn hólbrekunnar hjá Hólkoti, síðan gildir brekkan að þjóðvegi og þá vegurinn (að brekkunni) á móts við Gálgahraun, síðan bakkarnir að merkjum Hólkots og Sýrness, síðan Eyvindarlækur að norðurenda Kerlingar-cyjar, þá kvíslin austan eyjarinnar og síðan kildrag úr Eyvindarlæk í NV-enda Múlavatns. Þaðan gildir bein lína yfir Múlavatn að bökkum sunnan þess og síðan bakkarnir að Fagranestjörn, þá tjarnarbakkinn að norðan og síðan melbrekkurnar þar austur af og lína upp í um 150 m hæð í Múlaheiði og síðan sama hæðarlína að merkjum Fagraness og Halldórsstaða og loks jarðamerkin að Vatnsendatjörn.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Ekki má breyta landslagi á svæðinu og gildir það einnig um strendur vatna og tjarna, vatnsfarvegi og vatnsborð.
2. Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask er óheimilt á friðlandinu. Gildir það um allar byggingar, vegi skurði o. s. frv. Heimilt er þó að halda við þeim byggingum sem nú eru á svæðinu og nauðsynlegar teljast.
3. Heimilar eru allar hefðbundnar nytjar af friðlandinu, svo sem heyskapur, beit, veiði í vötnum, berjatísla, skógarhögg o. fl., svo framarlega sem ekki er um að ræða ofnýtingu að dómi umsjónaraðila. Þó getur Náttúruverndarráð sett nánari reglur um friðun fyrir beit á takmörkuðum svæðum í samráði við landeigendur.
4. Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð í friðlandinu nema til eyðingar meindýra. Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum í samræmi við fuglafriðunarlög. Við bergmyndunum (hrauni, gjallhólum) má ekki hrófla og varast ber alla skerðingu á melhólum og hryggjum.
5. Öll umferð vélknúinna öku- eða siglingatækja utan vega er því aðeins leyfileg að hún sé í sambandi við eðlilega nýtingu (sbr. 3. gr.) Notkun hraðbáta á vötnunum er bönnuð.